

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um álagningu gjalda á vörur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Á eftir orðinu „fari“ í b-lið 1. tölul. 1. efnismgr. komi: sem er í utanlandsferðum.
 - b. Við a-lið 8. tölul. 1. efnismgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Brúðkaupsgjafir skulu vera tollfrjálsar þótt þær séu meira en 7.000 kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða.
2. Við 2. gr.
 - a. Á eftir orðinu „bifreiðum“ í 1. mgr. 3. tölul. 1. efnismgr. komi: bifhjólum
 - b. 3. másl. 8. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: Niðurfelling tolls af hráefni eða efnivöru samkvæmt þessum tölulíð tekur ekki til vara sem magntollur (A1-tollur) er lagður á samkvæmt viðauka I við lög þessi.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
2. másl. 2. mgr. 85. gr. laganna fellur brott.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „2.–12. tölul. 6. gr.“ í 1. efnismgr. komi: 2.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr.
5. Á eftir 9. gr., er verði 10. gr., komi ný grein, svohljóðandi:
A-tollur tollskrárnúmersins 1904.1002 í viðauka I við lög in verði 0%.
6. Við 11. gr. Í stað orðanna „9.–12. tölul. 6. gr.“ komi: 9.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr.
7. Við 17. gr. Í stað orðanna „Bifreiðar og vélsleðar“ og „bifreið eða vélsleði“ komi: ökutæki.
8. Við 18. gr. Efnisgreinin orðist svo:
Ákvæði 3. gr., 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. og 1.–6. og 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu ná til vörugjalds af ökutækjum samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.
9. Við 19. gr.
 - a. Í stað orðanna „11. tölul. 6. gr.“ í 1. tölul. 1. efnismgr. komi: 11. tölul. 1. mgr. 6. gr.
 - b. Í stað orðanna „Bifreiðar og vélsleðar“ og „bifreið eða vélsleði“ í 7. tölul. 1. efnismgr. komi: ökutæki.
10. Við 20. gr. Í stað orðsins „aðilar“ komi: rannsóknaraðilar.
11. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Heimildir sem innflytjendur og framleiðendur hafa við gildistöku laga þessara til niðurfellingar tolls af hráefni, efnivöru og hlutum í innlendar framleiðsluvörur skulu gilda til 31. október 2000. Eftir það tímamark skal tollur á hráefni, efnivöru og hlutum í innlendar framleiðsluvörur eingöngu felldur niður á grundvelli heimilda sem veittar eru í samræmi við ákvæði 2. gr. laga þessara.